



Fundargerð 7. fundar stjórnar AKÍS 2025-2026

Staður og tími: Zoom 1. júlí 2025 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Páll Jónsson (PJ), Linda Karlsdóttir (LK), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS)

Mættir varamenn: Ari Halldór Hjaltason (AHH), Andri Már Sveinsson (AMS), Ásta Sigurðardóttir (ÁS)

Fjarverandi: Jón Þór Jónsson (JÞJ), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS).

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

BH ritaði fundargerð

1. Erindi frá Axel/Ingvari vegna Íslandsmóts í Torfæru

Stjórn fjallaði um þau erindi sem hafa komið frá Axel Sigurðssyni, fyrir hönd torfærukeppandans Ingvars, vegna Íslandsmótsins í Torfæru. Málið hefur verið á forræði formanns og stjórn er samþykk afgreiðslu hans. Stjórn mun ekki aðhafast meira í málinu.

2. Erindi vegna Rallycross keppni á Bíladögum

Stjórn fjallaði um erindi sem henni bárust í kjölfar rallycross keppni hjá Bílklúbbi Akureyrar (BA) á Bíladögum. Ljóst er af þessum erindum og öðrum ábendingum sem stjórn hefur borist að margt hafi alls ekki verið gott í keppnishaldinu og öryggismálum ábótavant. Stjórn tekur málið mjög alvarlega og hefur þegar haft samband við keppnishaldarann með það að markmiði að tryggja að rallycross keppni á dagskrá 20. júlí verði haldin með sóma. Stjórn mun gera það sem hægt er til að tryggja að svo megi verða með beinum stuðningi við BA og með því að virkja þá aðstoð sem hægt er.

3. Keppnisbann og sekt á Götuspyrnunni

Dómnefnd götuspyrnu BA á Bíladögum 2025 dæmdi keppanda í keppnisbann og liðsmann til sektar. Nánar má lesa um dóminn á upplýsingatöflu keppinnar. Sektin hefur ekki enn verið greidd. Stjórn ákveður að senda liðsmanninum greiðslukröfu til innheimtu sektarinnar.

Önnur mál:

Stigagjöf í Íslandsmeistarakeppnum - Það hefur borið dálítið á því að stigagjöf keppenda og ökumanna eftir keppni sé ekki rétt út reiknuð. Þetta hefur bæði tafið birtingu stiga og valdið því að þurft hefur að endurreikna stig eftir birtingu. AKÍS hefur verið í sambandi við keppnishaldara og vinnur að því að úr þessu verði bætt.



Næsti fundur verður haldinn 15. júlí kl. 19:30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:25